

Samráðsgátt

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Mál nr. 227/2022

Reykjavík, 6. desember 2022

Umsögn Gildis – lífeyrissjóðs um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur endurskoðenda o.fl.)

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um breytinga á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur endurskoðenda o.fl.) sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda hinn 22. nóvember sl.

Athugasemd við a. lið 11. gr.

Skyldu til að starfrækja endurskoðunarnefndir hvílir á einingum tengdum almannahagsmunum skv. 1. mgr. 108. gr. a. en lífeyrissjóðir hafa hér á landi fallið undir skilgreininguna á einingum tengdum almannahagsmunum sbr. 9. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Í a. lið 11. gr. í frumvarpi því sem hér er til samráðs er lagt til að sé nefndarmaður í endurskoðunarnefnd utanaðkomandi aðili skuli hann tilnefndur á aðalfundi. Gildi – lífeyrissjóður telur að hér væri til bóta að skýrt væri tekið fram, hvort sem er í lagatexta eða greinargerð með endanlegu frumvarpi að með aðalfundi sé einnig átt við ársfund í skilningi laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Almennt um gildissvið laga um ársreikninga

Lög um ársreikninga byggja að meginstefnu til á innleiðingum Evróputilskipana og gerða sem fjalla um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnar tegunda fyrirtækja. Gildissviðið er afmarkað í 1. gr. laganna þannig að þau gilda um félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila eins og greinir í 1. og 2. tölul. og félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsins eins og greinir í 3. tölul.

Samkvæmt framangreindu falla lífeyrissjóðir utan gildissviðs laganna og er það í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB, um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnar tegunda fyrirtækja. Um ársreikninga lífeyrissjóða gildir þannig VIII. kafli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða auk reglna Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

Þrátt fyrir að falla utan gildissviðs laga um ársreikninga, skilgreina lög um ársreikninga lífeyrissjóði sem einingar tengdar almannahagsmunum, sbr. 9. tölul. 2. gr. Þó ekki sé deilt um að lífeyrissjóðir geti talist

einingar tengdar almannahagsmunum í almennum orðskilningi má efast um réttmæti þess að ákvæði laga um ársreikninga, sem samkvæmt gildissviði sínu gilda ekki um lífeyrissjóði, geri ýmsar kröfur til ársreikninga og starfsemi lífeyrissjóða í lögunum. Með hliðsjón af gildissviði laganna er í raun óljóst hvort og þá hvaða kröfur sem gerðar eru til eininga tengdum almannahagsmunum gildi í reynd um lífeyrissjóði.

Þannig gilda eftirfarandi ákvæði við um einingar tengdar almannahagsmunum án þess að með öllu ljóst sé hvort lífeyrissjóðum sé skylt að fara eftir þeim ákvæðum með hliðsjón af gildissviði laganna: 2. mgr. 56. gr., 64. gr., 66. gr., 66. gr. b., 66. gr. c., 66. gr. d. auk alls IX. kafli A.

Þó sum framangreindra lagaákvæða geti fallið að starfsemi lífeyrissjóða, þá telur Gildi – lífeyrissjóður að taka ætti til skoðunar að slík ákvæði væru fremur tekin upp í VIII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða eftir atvikum reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Við slíka innleiðingu væri unnt að meta betur hvort og þá að hvaða marki nauðsynlegt eða viðeigandi sé að gera breytingar með hliðsjón af eðlismun rekstri hefðbundinni fyrirtækja annars vegar og starfsemi lífeyrissjóða hins vegar, enda þessar tilskipanir Evrópusambandsins ekki settar fram með starfsemi lífeyrissjóða í huga.

Virðingarfyllst,
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs

Árni Hrafn Gunnarsson